

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

*Deiliskipulag, Miðengi, Leynir, L230589.*

Deiliskipulagið felur í sér að frístundabyggð Leynis, L230589, í landi Miðengis er afmörkuð. Gert er ráð fyrir 8 frístundalóðum. Heimilt er að byggja eitt frístundahús auk geymslu, svefnhús eða gróðurhús innan byggingarreits, þó ekki stærra en 40 fm. Nýtingarhlutfall lóðanna má ekki vera hærra en 0,03. Aðkoma verður frá Miðengisvegi og Bústjórabraut. Samþykkt í sveitarstjórn 1. september 2021.

*Deiliskipulagsbreyting, Neðan-Sogsvegar 4, L169505.*

Óveruleg breyting er gerð á deiliskipulagi Norðurkots sem tekur til lóðarinnar Neðan-Sogsvegar 4. Í breytingunni felst minnkun á byggingarreit lóðarinnar. Samþykkt í sveitarstjórn 6. október 2021.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*Laugarvatni, 14. október 2021.*

Skipulagsfulltrúi Umhverfis- og tæknisviðs uppsveita bs.,

**Vigfús Þór Hróbjartsson.**